

AUGLÝSING

um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007,
með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða 12. gr. starfsreglnanna:
Skylda til að leggja til prestssetur í neðangreindum prestaköllum fellur brott:

Kjalarnessprófastsdæmi:

Mosfellsprestakall.

Útskálaprestakall.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi:

Dalvíkurprestakall.

Laugalandsprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti
þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Prestur sem þjónar í prestakalli, sem tilgreint er í starfsreglum þessum, við gildistöku þeirra, getur
setið prestssetrið áfram samkvæmt gildandi lögum og starfsreglum hverju sinni, uns skipunartími hans
rennur út eða honum er veitt lausn frá embætti.

Reykjavík, 8. nóvember 2019.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2019